

sýkna ákærða af ákærunni um brot á 16. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1951.

Samkvæmt þessu ber að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Steins Jónssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 400.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Jóhannes Valdimarsson, á að vera sýkn af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Steins Jónssonar hdl., að upphæð kr. 400.00.

Mánudaginn 19. janúar 1953.

Nr. 28/1950. **Handiða- og myndlistaskólinn**

(Ragnar Jónsson)

gegn

Sturlaugi Lárussyni Fjeldsted

(Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna riftunar vinnusamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, hann sýknaður af kröfum stefnda, fjárnámsgerð, sem framkvæmd var 21. okt. 1949 til tryggingar dómkröfunum, verði felld úr gildi og stefnda dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjuðu dómsathöfnunum og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi, sem eigi sótti þing í málinu í héraði, hefur fengið nóvaleyfi, dagsett 1. nóv. 1949.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 7. maí 1948 birti áfrýjandi auglýsingu í dagblaði hér í bænum þess efnis, að „hirðusamur hagleiksmaður“ gæti fengið þar „starf sem húsvörður“. Meðal umsækjanda var stefndi í máli þessu, sem þá um alllangt skeið virðist hafa haft fasta vinnu hjá byggingarfélagi einu hér í bæ, en stefndi var farinn að reskjast og óskaði því eftir hægari störfum innan húss. Skólastjóri áfrýjanda kvaddi síðan stefnda á sinn fund, átti tal við hann um fyrri atvinnu hans og aflaði sér vitneskju hjá verkstjóra fyrrnefnds byggingarfélags um störf stefnda þar. Réð skólastjórinn því næst stefnda til starfans, en ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur. Aðiljar eru hins vegar sammála um, að ráðningarkjörin hafi verið þessi: Stefndi skyldi annast ræstingu á húsnæði skólans, sem er á tveim stöðum í bænum. Hann skyldi hafa almennt eftirlit með því, að vel og þrifalega væri gengið um húsakynni skólans. Hann skyldi annast önnur minni háttar störf, svo sem útvegum á ýmsu í þágu skólans svo og lagfæra það, er aflaga færi og aðgerðar þyrfti, t. d. láta rúður í glugga o. s. frv. Umsamið kaup fyrir starfið var kr. 1700.00 á mánuði. Ráðningartíminn var eitt ár, og hóf stefndi störf sín hjá áfrýjanda þann 18. maí 1948.

Stefndi vann síðan hjá áfrýjanda til júníloka 1948, er hann hætti störfum. Heldur stefndi því fram, að skólastjóri áfrýjanda hafi þann 29. júní sagt sér fyrirvaralaust upp starfinu, og þar sem slík uppsögn hafi verið ólögleg, beri áfrýjanda að greiða bætur fyrir þessa riftun samningsins. Telur stefndi bæturnar hæfilega ákveðnar fjárhæð, er samsvarar eins mánaðar kaupi, eða kr. 1700.00.

Skólastjóri áfrýjanda skýrir svo frá, og er það stutt af vætti vitnis, að stefndi hafi rækt vel aðalstarf sitt hjá áfrýjanda, ræstingu og daglega umhirðu. Hins vegar hafi brátt komið í ljós, að stefnda hafi verið mjög ósýnt um öll störf, þar sem reyndi á verkhyggni og verklag. Þannig hafi vinnubrögð hans verið með öllu ótæk, er honum var falið að gera mót fyrir dyrabrepi, að mála vegg í skólanum og smíða þar skáp og hillur. Kveðst skólastjórinn hafa kvartað undan þessum framkvæmdum við stefnda og sagt honum, að raunverulega treysti hann stefnda ekki til að vinna störf fyrir skólann

sumarið 1948 án eftirlits, en skólastjórinn var á förum til útlanda í júnílok. Kveðst skólastjórinn þó hafa dregið það við sig að segja stefnda upp starfinu, þótt hann teldi sig hafa til þess ærnar ástæður, enda hafi hann búizt við því, að stefndi mundi leggja niður störf án uppsagnar af hálfu áfrýjanda. Svo hafi og farið, að stefndi hafi einn síðasta dag júnímánaðar spurt sig, „hvort eigi væri þá bezt, að hann hætti vinnu hjá skólanum um næstkomandi mánaðamót.“ Kveðst skólastjórinn hafa játað því svo og skömmu síðar, er stefndi hafi viðhaft þau ummæli, „að bezt væri, að hann gengi úr þjónustu skólans þá í mánaðarlokin.“ Eiginkona skólastjórans kveðst hafa heyrt stefnda viðhafa hin fyrrtöldu ummæli, en ekki hafa að öðru leyti heyrt samtal eiginmanns síns og stefnda.

Málsaðilja greinir á um, hvort skólastjóri áfrýjanda hafi sagt stefnda upp starfinu eða stefndi hafi sjálfur samþykkt að hætta því. Vætti eiginkonu skólastjóra áfrýjanda veitir ekki sönnur fyrir því, að stefndi hafi samþykkt bótalausa brottför úr starfi. Hins vegar hefur formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar vottað, að skólastjóri áfrýjanda hafi ekki neitað því í viðtali, að hann hefði sagt stefnda upp starfinu. Þessu atriði vottorðsins hefur verið andmælt, og þykir það því ekki skera úr í þessu efni. En þegar litið er til þeirra atvika málsins, að hér var um störf að ræða, er stefndi sóttist eftir, og ekki er vitað, að hann hafi átt kost á öðru starfi, betra eða jafngóðu, svo og þess, að kvartanir af hálfu áfrýjanda beindust að framkvæmd sérstakrar handiðnaðarvinnu, en ekki hinu eiginlega húsvarðarstarfi, þykja ekki líkur fyrir því, að stefndi hafi fallizt á að hverfa bótalaust úr starfi.

Kemur þá til álita, hvort stefndi hafi á annan hátt fyrirgert rétti sínum til bóta vegna slita á samningi aðilja.

Áfrýjandi heldur því fram, að áðurgreind störf stefnda, uppsetning móta, málun og trésmíði, hafi verið svo illa af hendi leyst, að það réttlæti bótalausa riftun vinnusamningsins, enda hafi og beint verið tekið fram í auglýsingu um starfið, að einungis „hirðusamur hagleiksmaður“ yrði ráðinn.

Skólastjóri áfrýjanda vissi frá upphafi, að stefndi var ekki iðnlærður maður. Þau störf stefnda, sem fundið hefur verið að, verða að teljast utan venjulegs verksviðs húsvarðar, enda

eigi ákvæði 1. gr. laga nr. 29/1940 ekki við húsvarðarstörf hjá áfrýjanda. Að svo vöxnu máli þykir áfrýjandi ekki geta byggt sýknukröfu sína á gölluðum vinnubrögðum stefnda að þessu leyti, en viðurkennt er hinsvegar, að aðalstarf sitt innti stefndi vel af hendi. Þá þykir sýknukrafa áfrýjanda heldur ekki verða reist á atvikum þeim, sem til er vitnað í sakavottorði stefnda, er áfrýjandi hefur aflað, né því, að skriftarkunnátta stefnda hafi ekki verið fullnægjandi.

Úrslit málsins verða því þau, að bótakrafa stefnda verður tekin til greina ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir. Einnig ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð. Þá þykir og rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 1000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Áfrýjandi, Handíða- og myndlistaskólinn, greiði stefnda, Sturlaugi Lárussyni Fjeldsted, kr. 1700.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1949 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., hefur Sturlaugur Lárusson Fjeldsted, Laugavegi 72 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttatilaun með stefnu útgefinni 31. f. m. gegn Handíða- og myndlistaskólanum, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1700.00 með 6% ársvöxtum frá sáttkærudegi, 29. apríl s.l., til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né látið sækja, þótt honum sé löglega stefnt. Ber því samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þar eð þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 385.00.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Handíða- og myndlistaskólinn, greiði stefnanda, Sturlaugi Lárussyni Fjeldsted, kr. 1700.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl

1949 til greiðsludags og kr. 385.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 21. okt. 1949.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Árni Halldórsson cand. jur. vegna Áka Jakobssonar hdl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld samkvæmt rskj. nr. 2 að upphæð kr. 1700.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1949 til greiðsludags, kr. 385.00 í málskostnað, auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola er mættur Lúðvíg Guðmundsson skólastjóri og kveðst ekki greiða skuldina, en vísar á til fjárnáms bótaskurðarvél, sem er í bókbandsvinnustofu skólans að Grundarstíg 2, hér í bænum.

Fógeti lýsti fjárnámi í nefndri vél til tryggingar framangreindri skuld, auk alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum rétti þriðja manns.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti brýndi fyrir mættum, að óheimilt væri að ráðstafa hinu fjárunumda þannig, að í bág brjóti við gerð þessa að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Priðjudaginn 20. janúar 1953.

Kærumálið nr. 1/1953.

Jóhann Jóhannesson

gegn

Brandi Brynjólfssyni og

Guðbjörgu Guðjónsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vitnaskylda lögmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 19. desember f. á., sem hingað barst 3. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 13. desember f. á., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljanum Guðbjörgu Guðjónsdóttur, en með úrskurði þessum voru andmæli vitnisins Brands Brynjólfssonar héraðsdómslögmanns gegn því að svara tilteknum vitnaspurningum tekin til greina. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að framangreindu vitni verði dæmt skylt að svara hinum tilgreindu